

Persónuverndarstefna Veritas Capital ehf.

Veritas Capital ehf. er móðurfélag fyrirtækja í lyfja- og heilbrigðisgeiranum. Félagið er kjölfesta samstæðunnar og veitir þjónustu til dótturfyrirtækjanna svo þau geti einbeitt sér að kjarnastarfsemi sinni.

Tilgangur

- Persónuverndarstefna félagsins styður við samfelldan rekstur og er ætlað að tryggja að öll vinnsla persónuupplýsinga sem varða starfsemina, vinnslu þeirra, skráningu, verndun upplýsinga og aðgengi fari fram í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlaga).

Markmið

Veritas veitir starfsmönnum og viðskiptavinum sínum örugga og trausta þjónustu með því að:

- kappkosta að hverskonar persónuupplýsingar sem Veritas safnar og vistar séu meðhöndlaðar í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga
- hámarka öryggi og réttleika persónuupplýsinga sem varðveittar eru hjá fyrirtækinu.
- starfsmenn og umsækjendur séu upplýstir um hvaða persónuupplýsingar um þá eru varðveittar, hvernig þær eru vistaðar, hver hafi aðgang að þeim og hvenær þeim verði eytt.
- tryggja að viðbrögð við öryggisbrestum séu skv. lögum.

Umfang

Persónuverndarstefna Veritas nær til viðskiptavina, starfsmanna og umsækjenda félagsins. Stefnan nær yfir söfnun, notkun, birtingu, flutning og geymslu á hvers konar persónuupplýsingum. Veritas geymir ekki persónuupplýsingar lengur en þörf krefst.

Framkvæmd og ábyrgð

Forstjóri sér til þess að persónuverndarstefnunni sé framfylgt með því að setja markmið og reglur og tryggja viðeigandi rástafanir til að framfylgja þeim. Forstjóri getur falið stjórnendum eftirfylgni með tilteknum ákvörðunum og verklagsreglum.

Stefnan felur í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur í meðferð persónuupplýsinga og skal tryggja að ávallt sé farið að lögum. Allir sem fara með og/eða hafa aðgang að hvers konar persónuupplýsingum skuldbinda sig til að fylgja reglum Veritas um meðferð persónuupplýsinga.

Aðilar sem brjóta gegn persónuverndarstefnu Veritas eiga yfir höfði sér áminningu í starfi, uppsögn eða að beitt verði viðeigandi lagalegum ráðstöfunum eftir eðli brots.

Fyrirspurnum vegna vinnslu persónuupplýsinga eða ábendingum vegna öryggismála má koma á framfæri við Veritas með því að hafa samband í gegnum netfangið personuvernd@veritas.is

Endurskoðun

Veritas endurskoðar þessa stefnu eins og tilefni er til en að lágmarki á tveggja ára fresti.

Garðabæ 03. febrúar 2022

F.h. Veritas Capital ehf.



Hrunn Rudolfsdóttir, Forstjóri